



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 19. október 2021

2109020SA GB
Málalykill: 01.13

Efni: Umsögn um drög að breytingu á rg. um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, mál nr. 189/2021

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt frá 6. október sl., um fyrirhugaða breytingu á 13. gr. reglugerðar nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, sem felur í sér að við 4. mgr. greinarinnar bætist nýr málslíður er hljóðar svo:

Ef samanlagður mismunur allra sveitarfélaga nemur hærrí fjárhæð en fjármagn til ráðstöfunar samkvæmt greiðsluáætlun yfirstandi árs, skal aðlaga framlögin að fjármagni til ráðstöfunar með hlutfallsreikningi.

Samráð var haft við fulltrúa sambandsins um efni reglugerðarinnar. Í samskiptum við ráðuneytið var m.a. lögð áhersla á að stuðst væri við áherslur í stefnumörkun sambandsins sem snúa að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þar er m.a. lögð áhersla á að breytingar á framlögum til sveitarfélaga taki gildi í áföngum ef þær leiða til þess að einhver sveitarfélög fái lægri framlög en áður og að sveitarfélög verði upplýst tímanlega um áhrif hugsanlegra breytinga á framlögum sjóðsins til þeirra.

Tekið var tillit til framangreindra sjónarmiða við endanlegan frágang reglugerðarinnar. Að álit sambandsins hefði verið æskilegt að hafa lengri aðdraganda að setningu reglugerðarinnar en sambandið mælir engu að síður með samþykkt hennar.

Áhrif á tekjur sveitarfélaga

Líkt og rakið er í tilkynningunni hefur fyrirhuguð breyting áhrif á úthlutun tekjujöfnunarframlaga til sveitarfélaga. Í stað þess að lækka meðaltekjur í viðmiðunarflokkum svo að framlög stemmi við það fjármagn sem er til ráðstöfunar leggur Jöfnunarsjóður til að framlögin verði aðlöguð fjárhæðinni með hlutfallsreikningi. Sú aðferð yrði í samræmi við gildandi framkvæmd Jöfnunarsjóðs þegar kemur að öðrum framlögum sjóðsins sem aðlaga þarf að tiltekinni fjárhæð.

Áætluð áhrif eru að þeim sveitarfélögum sem hljóta tekjujöfnunarframlög mun fjölga nokkuð. Að mati Jöfnunarsjóðs myndi breytingin einnig leiða til frekari tekjujöfnunar sveitarfélaga. Sem dæmi um áhrif breytingarinnar hafa sum sveitarfélög, sem hafa hámarkstekjur á bilinu 94-97% af meðaltali hvers viðmiðunarflokks, ekki fengið úthlutað framlagi á grundvelli núgildandi framkvæmdar en myndu hljóta tekjujöfnunarframlag yrði breytingin að veruleika.

Að álit Sambands íslenskra sveitarfélaga eru heildaráhrif reglugerðarbreytingarinnar því í meginatriðum jákvæð fyrir sveitarfélög og innan þess svigrúm til úrfærslu sem kveðið er á um í 13. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
Framkvæmdastjóri